

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um kaupskip.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Hversu mörg kaupskip voru skráð í íslensku skipaskránni 1. janúar 2018?
2. Hversu mörg kaupskip sem eru í eigu íslenskra hluta- eða einkahlutafélaga sem stunda millilanda- og strandsiglingar með vörur, samkvæmt atvinnugreinaflokkun, eru skráð í erlendum skipaskrá?
3. Hvernig hafa nágrannalönd okkar, Færeyjar, Danmörk og Noregur, hvatt skipafélög til þess að skrá skip sín í þeim löndum?
4. Hefur ráðherra í hyggju að skoða hvort rétt væri að breyta lögum nr. 38/2007, um íslenska alþjóðlega skipaskrá, með það fyrir augum að hvatar séu fyrir íslensk skipafélög að skrá skip sín á Íslandi án þess þó að horfið sé frá þeirri meginreglu að íslenskir kjarasamningar gildi um áhafnir kaupskipa sem hér eru skráð?

Skriflegt svar óskast.